



## REGLUR

Menningarráðs Reykjavíkur um úthlutun styrkja og samstarfssamninga Reykjavíkurborgar á sviði menningarmála

### I. kafli. Almenn ákvæði

#### 1. gr. Hlutverk og fjárheimildir

Reglur þessar fjalla um styrki úr *Borgarsjóði* - sem Reykjavíkurborg veitir til verkefna á sviði menningarmála.

Um meðferð afgreiðslu og eftirfylgni styrkja og samstarfssamninga fer samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í reglum þessum, þeim samningum/styrktarbréfum sem gerðir eru á grundvelli úthlutana og þar sem þeim fyrirmælum sleppir í Styrkjahandbók Reykjavíkurborgar sem birt er á vef borgarinnar.

#### 2. gr. Markmið og meginreglur

Markmið styrkveitinga og samstarfssamninga er að styðja öflugt, faglegt og fjölbreytt menningarlíf í Reykjavík í samræmi við gildandi menningarstefnu Reykjavíkurborgar á hverjum tíma, með áherslu á:

- Ævilanga inngildingu og aðgengi borgarbúa að menningu og listum
- Að borgin þjóni listafólki sem borg sem þeim þyki gott að búa og starfa í
- Að menning og listir verði aðgengileg í öllum hverfum borgarinnar.

Styrki má veita til verkefna og starfsemi sem fer fram í Reykjavík eða hafa skýran ávinning fyrir menningarlíf borgarinnar og borgarbúa.

Við úthlutun skal gæta jafnræðis, hlutlægni og gagnsæis. Málsmeðferð og eftirfylgni skulu vera í samræmi við fjárhæð og eðli styrks eða samstarfssamnings.

### II. kafli. Verklag, umsóknir og mat

#### 3. gr. Auglýsing, umsóknarfrestir og umsóknir

Opnað skal fyrir umsóknir 1. september ár hvert. Umsóknarfrestur skal að jafnaði vera til 1. október og aldrei skemmri en fjórar vikur.

Sækja skal um rafrænt á þar til gerðu umsóknarformi á Mínum síðum á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Í auglýsingu og umsóknarformi skulu meðal annars koma fram árlegar áherslur sé þeim til að dreifa, styrkfjárhæð til úthlutunar, umsóknarfrestur, skilyrði og upplýsingar um nauðsynleg fylgigögn.

Listamenn, listhópar og lögaðilar geta sótt um verkefnastyrki. Listhópur og lögaðilar þar sem fleiri en einn listamaður standa að baki skal tilgreina einn ábyrgðaraðila gagnvart Reykjavíkurborg.



Reykjavík



Grasrótastyrkir eru ætlaðir yngri listamönnum.

Samstarfssamningar standa aðeins lögaðilum með kennitölu og fullnægjandi reikningsskil til boða.

Umsækjandi skal hafa staðið skil á tilskildum gögnum vegna fyrri styrkveitinga frá Reykjavíkurborg og uppfyllt þær skyldur sem á honum hvíldu á grundvelli fyrri úthlutana. Hafi misbrestur orðið á því getur það leitt til synjunar á umsókn.

Stofnanir og starfsstaðir borgarinnar geta ekki sótt um styrk nema annað sé sérstaklega tekið fram í auglýsingu.

#### **4. gr. Styrkjaflokkar og styrktarfjárhæðir**

Umsækjendur skulu í umsókn tilgreina hvers konar styrkveitingu sótt er um í samræmi við neðangreinda skilgreinda kosti og tilgreina sérstaklega þá styrkfjárhæð sem óskað er eftir.

**Samstarfssamningar.** Samstarfssamningar eru ætlaðir lögaðilum sem gegna lykilhlutverki við framkvæmd menningarstefnu Reykjavíkurborgar og hafa sýnt fram á mikilvægt framlag til menningarlífs borgarinnar, góða framkvæmdagetu og traustan rekstrargrundvöll.

Samstarfssamningur felur í sér gagnkvæmar skuldbindingar um markmið, starfsemi, árangur, fjármögnun og eftirfylgni. Samningar eru gerðir til tveggja eða þriggja ára og eru háðir samþykki borgarráðs og fjárheimildum hvers árs. Heimilt er að ráðstafa allt að þriðjungi árlegrar fjárheimildar til styrkveitinga á sviði menningarmála til nýrra eða endurnýjaðra samstarfssamninga.

Fjárhæðir vegna samstarfssamninga skulu að jafnaði vera innan eftirfarandi marka: 1.500.000 – 6.500.000 kr.

**Verkefnastyrkir.** Verkefnastyrkir eru veittir til afmarkaðra verkefna með skilgreind markmið, upphaf og lok. Styrktímabil er að jafnaði allt að tólf mánuðir.

Fjárhæðir vegna verkefnastyrkja skulu að jafnaði vera innan eftirfarandi marka: 800.000–3.000.000 kr.

**Grasrótastyrkir.** Grasrótastyrkir eru veittir til afmarkaðra verkefna með skilgreind markmið, upphaf og lok og eru hugsaðir fyrir yngri listamenn. Styrktímabil er að jafnaði allt að tólf mánuðir.

Fjárhæðir vegna verkefnastyrkja skulu að jafnaði vera innan eftirfarandi marka: 200.000– 800.000 kr.

#### **5. gr. Mat á umsóknum**



**Reykjavík**



Styrkjareglur og stefnur Reykjavíkurborgar eru lagðar til grundvallar við mat á umsóknum, auk eftirfarandi þátta:

- Listræn og menningarleg gæði,
- Ávinningur fyrir menningarlíf borgarinnar og borgarbúa,
- Aðgengi, inngilding, fjölbreytni, mannréttindi og jafnrétti,
- Raunhæfni markmiða, tímaáætlunar og fjárhagsáætlunar,
- Framkvæmdageta og reynsla umsækjanda,
- Stjórnarhættir og rekstrargrundvöllur þegar um samstarfssamning er að ræða,

Við úthlutun skal jafnframt stuðla að sem mestri breidd og jafnvægi milli listgreina og innan þeirra.

## **II.kafli. Hlutverk, málsmeðferð og ákvörðun**

### **6. gr. Hlutverk menningarráðs, faghóps og skrifstofu menningarmála**

Menningarráð Reykjavíkur ákveður árlegar áherslur við úthlutun og skiptingu fjárheimilda. Ráðið skipar ráðgefandi faghóp og tekur endanlega ákvörðun um úthlutun styrkja og gerð samstarfssamninga að teknu tillit til tillagna hans.

Faghópurinn er skipaður fimm aðalmönnum og jafnmörgum varamönnum. Fjórir aðalmenn og fjórir varamenn eru tilnefndir af Bandalagi Íslenskra listamanna og einn aðalmaður og einn varamaður af Miðstöð hönnunar og arkitektúrs. Menningarráð skipar formann úr hópi tilnefndra fulltrúa.

Skrifstofa menningarmála annast stjórnsýslu, þar á meðal leiðbeiningar og samskipti við umsækjendur og faghópin eftir því sem tilefni er til, fundarritun á fundum faghóps, tilkynningar, gerð styrktarbréfa og samninga, greiðslur og eftirfylgni.

### **7. gr. Skipan og hlutverk faghóps**

Við skipun faghópsins skal gæta að faglegri hæfni, jafnrétti og fjölbreyttri fagþekkingu þannig að skipan hans endurspegli sem best ólíkar listgreinar og fjölbreytt menningarlíf borgarinnar. Jafnframt skal leitast við að tryggja jafnt hlutfall kynja og fjölbreytileika þeirra hópa sem starfa innan Bandalags Íslenskra listamanna og Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs.

Um sérstakt hæfi fulltrúa í faghópnum fer samkvæmt II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Komi upp álitæfni um hæfi eftir að hópurinn hefur hafið störf skal leysa úr því samkvæmt sömu reglum.

Faghópurinn starfar sjálfstætt og metur og raðar umsóknum um á faglegum forsendum. Hann skilar menningarráði rökstuddum tillögum um úthlutun verkefnastyrkja og gerð samstarfssamninga. Formaður faghópsins ber ábyrgð á



**Reykjavík**



framlagningu tillagnanna fyrir hönd hópsins. Tillögur faghópsins eru ráðgefandi og tekur menningarráð endanlega ákvörðun um úthlutun.

Starfsfólk skrifstofu menningarmála veitir faghópnum ráðgjöf um reglur og málsmeðferð en tekur ekki þátt í faglegu mati eða röðun umsókna. Nöfn aðal- og varamanna skulu birt að lokinni úthlutun.

#### **8. gr. Ákvörðun, tilkynning og birting**

Menningarráð tekur endanlega ákvörðun um úthlutun styrkja og gerð samstarfssamninga. Öllum umsækjendum skal tilkynnt skriflega um niðurstöðu. Við opinbera birtingu úthlutunar skulu koma fram nöfn styrkþega, heiti verkefnis eða starfsemi, styrkjaflokkur og fjárhæð úthlutunar.

Rökstuddar tillögur faghópsins eru lagðar fyrir menningarráð. Ekki er skylt að láta sérstakan rökstuðning fylgja ákvörðun um úthlutun styrkja á sviði lista og menningar, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

### **IV. kafli. Styrktarbréf, samningar og eftirfylgni**

#### **9. gr. Styrktarbréf, samningar og greiðslur**

Fyrir grasrótastyrki og verkefnastyrki að fjárhæð 1.500.000 kr. eða lægri skal gefa út styrktarbréf. Gera skal samning um samstarfssamninga og verkefnastyrki sem nema hærri fjárhæð.

Í styrktarbréfi og samningi skal koma fram fjárhæð styrksins, gildistími, skilyrði, greiðslutilhögun, fyrirkomulag eftirfylgni og úrræði vegna vanefnda. Fjölærar greiðslur eru háðar fullnægjandi skilum styrkþega og fjárheimildum hvers árs.

#### **10. gr. Skyldur styrkþega og eftirfylgni**

Styrkþegi skal nýta styrkinn í samþykktum tilgangi og geta stuðnings Reykjavíkurborgar í kynningarefni með eins sýnilegum hætti og kostur er. Styrkþegi skal skila stöðu- og lokaskýrslum eftir því sem kveðið er á um í styrktarbréfi eða samningi.

Verulegar breytingar á markmiðum, umfangi, tímaáætlun eða fjármögnun verkefnis eða starfsemi eru háðar skriflegu samþykki skrifstofu menningarmála, sem aflað skal fyrirfram.

#### **11. gr. Vanefndir, afturköllun og endurgreiðsla**

Nýti styrkþegi styrk ekki í samþykktum tilgangi, sinnir ekki tilskildum skilum eða brýtur að öðru leyti gegn reglum þessum, styrktarbréfi eða samningi er Reykjavíkurborg heimilt að stöðva greiðslur, afturkalla styrkloforð, rifta samningi og/eða krefjast endurgreiðslu styrks að hluta eða öllu leyti.

Áður en gripið er til slíkra úrræða skal beina skriflegri áskorun til styrkþega og veita honum 14 daga frest til að bæta úr ágöllum sé slíkt mögulegt. Í áskorun skulu koma fram ástæður hennar og þau úrræði sem til greina koma verði ekki bætt úr innan frestsins.





## **V. kafli. Gildistaka**

### **12. gr. Gildistaka**

Reglur þessar taka gildi við staðfestingu menningarráðs og borgarráðs.  
Frá sama tíma falla úr gildi eldri reglur um úthlutun styrkja og samstarfssamninga  
Reykjavíkurborgar á sviði menningarmála, samþykktar 22. ágúst 2022  
*Samþykkt í menningarráði Reykjavíkur XXX*  
*Staðfest í borgarráði XXX*

